



## Fundargerð

16. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í fundarsal B í ÍSÍ kl. 17:15 7. mars 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, og Jóney Gylfadóttir.

Formaður setti fund klukkan 17:25 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 15. fundar samþykkt.

### 2. Yfirlit móta og tengd efni

- Yfirlitsrammi fyrir þátttöku í erlendum mótum fyrir fullorðna verður tilbúinn í lok vikunnar hjá ÍÞA. Stjórnin stefnir að því að afgreiða eftir helgi.
- Viðmiðunarrammi við val - Verður endanlega tilbúinn í næstu viku.
- Tekin verður ákvörðun um það hvort að Nordic 10km challenge verði sett inn á mótadagskrá FRÍ samhliða afgreiðslu á viðmiðunarrammanum.
- Formaður og gjaldkeri klára að gera upp afrekssjóð vegna 2016 á næstu dögum.

### 3. Unglingaráðstefna í Kaupmannahöfn

- ÍSÍ greiðir fyrir einn. Stjórn ákvað að senda einn til viðbótar. Mikilvægt að styrkja tengslanetið við Norðurlandþjóðirnar. Stjórn ákvað fulltrúa sína á ráðstefnuna.

### 4. Nordic Congress

- Formaður FRÍ mun sitja Nordic Congress föstudag og laugardag 10. og 11. mars þar sem m.a. verður rætt um mótaskrá Norðurlanda. FRÍ mun sækjast eftir að halda NM inni og NM í víðavangshlaupi á Íslandi.
- Stjórn samþykkti jafnframt að sækjast eftir að halda NM öldunga á Íslandi árið 2019.

### 5. Verkefni almenningshlaupa

- Samþykkt að það bíða með frekari útfærslu þar til framkvæmdastjóri kemur til starfa.

### 6. Framtíðarsjóður FRÍ og afreksmál

- Framtíðarsjóður FRÍ og afreksmál – Umræða um leiðina til Tokyo 2020.

### 7. Störf skrifstofuhóps

- Ritstjórnarstefna og nálgun á miðlum FRÍ rædd.



- Umræða um fulltrúa FRÍ á íþróttaping ÍSí.
- Staða mála varðandi þjálfaranámskeið! Næstu námskeið í október.
- Bikarkeppni FRÍ innanhúss um næstu helgi. Lagt til að breyta fyrirkomulagi þannig að þetta mót verði eins og hin verði í umsjón félags og færist á milli félaga og keppnisstaða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:10. Ritun fundargerðar: Jóney Gylfadóttir